



## ROG2A03 – Rekstrartækni og gæðastjórnun

Námsáætlun, vorönn 2021

<b>Kennari/kennarar:</b> Hanna Lóa Skúladóttir	<b>Netfang/netföng:</b> hannas@bhs.is
---	--

### Lýsing:

Í áfanganum fá nemendur innsýn í rekstrar- og starfsumhverfi fyrirtækja. Einnig er unnið með að auka fjármálalæsi nemenda og farið yfir þætti sem snúa að rekstri einstaklings. Efnisyfirferð er allt frá launþega- og verktakasambandi og launaútreikningi, lánamálum og lánaútreikningi og yfir í gerð sölu- og kostnaðaráætlana ásamt kostnaðarútreikningum. Grunnatriði bókhalds og bókfærslu verða einnig gerð skil. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni.

Hluti námskeiðsins snýr að gæðastjórnun. Fjallað er um helstu grunnatriði gæðastjórnunar. Sýnt er fram á að viðskiptavinurinn er mikilvægasti hlekkurinn í öllu ferlinu. Farið er yfir hvernig gæðakerfi er byggt upp og hver munurinn er á gæðakerfi eftir ákveðnum staðli eða eftir eigin kerfi. Nemendur læra auk þess að marka stefnu og setja markmið og hvernig þessi hugtök tvinnast saman. Nemendur vinna verkefni.

### Þekking, leikni, hæfni:

#### Nemandinn

- kunnir skil á grunnþáttum bókfærslu og reglur um bókhald
- geti gert launaútreikning
- þekki grunnatriði í lánamálum, hvað er höfuðstóll og vextir
- geti gert einfalda lánaútreikninga og nýtt sér lánareiknivélar bankanna
- þekki mun á launþega og verktaka og mismunandi félagaförum
- geti gert sölu- og kostnaðaráætlun
- kunnir að reikna álagningu/framlegð og gera kostnaðarútreikninga
- þekki mun á stefnu og markmiðum og geti gert Smart markmið
- þekki grunnatriði gæðastjórnunar og hvaða gæðakerfi er
- geti unnið jafnt og þétt í verkefnavinnu alla daga í lotunni

### Námsmat:

Verkefnamappa 100%

### Námsgögn:

Engar námsbækur.

Glæsur og ítarefni frá kennara. Nemandi á einnig að sýna frumkvæði í afla sér upplýsinga á netinu þegar þess þarf.

Skriffæri, stílabók eða auð blöð. Reiknivél (sími dugar). Aðgengi að tölvu.

### Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Lotan er frá 13. janúar 2021 – 26. janúar 2021.

Kennt er mán.-fim. frá kl.13-17 og fös. frá kl.13-16.

Viðbúð er að hluti námskeiðsins fari fram í fjarnámi.

